

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ

Breyting á deiliskipulagi fyrir Holtahverfi norður.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 18. nóvember 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir Holtahverfi norður.

Breytingin tekur til Þursaholts 2-18 og felur í sér byggingu hjúkrunarheimilis með allt að 100 rými með möguleikanum á að það verði stækkað um 40 rými síðar. Felur það í sér að afmörkuð er ný og stærri lóð fyrir hjúkrunarheimili sem nær til lóðar við Þursaholt 4-12, 14-18 og hluta lóðar 2. Þá er afmörkuð íbúðarhúsalóð fyrir tvö þriggja hæða fjölbýlishús með inndreginni fjórðu hæð á suðvesturhluta núverandi lóðar nr. 2. Þá eru lóðir nr. 1 og 3 sameinaðar í eina lóð en engar breytingar verða á afmörkun byggingarreita þeirra eða byggingarmagni.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 9. desember 2025.

F.h. Akureyrarbæjar,

Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B deild - Útgáfudagur: 9. desember 2025